

Siðareglur



Heidelberg
Materials



Frelsi Traust Samvinna

Siðareglur

Kæru samstarfsmenn,

Heidelberg Materials útvegar efni til að reisa byggingar sem eru skjöl fyrir fólk, býður þeim rými til að vinna og lifa í, byggingar sem sinna kennslu og heilbrigðisþjónustu og gerir fólki kleift að ferðast og hitta hvert annað. Þar sem fólk kemur og dvelur saman verða að vera reglur sem leggja grunn að samfélagi og tryggir friðsamlega samvinnu. Birtingarmynd þessara reglna eru lög, reglugerðir, stefnur, leiðbeiningar, verkferlar og meginreglur. Þetta leggur grunn að frelsi, traust og samvinnu, og er eins og steypan sem myndar grunninn fyrir hæstu skýjakljúfana.



Þessar siðareglur eru grunnurinn á Heidelberg Materials. Í raun og veru eru þetta stjórnskipunarreglur Heidelberg Materials. Þetta eru reglurnar sem við setjum okkur og það þýðir að allir í Heidelberg Materials fjölskyldunni verða að fara eftir þeim – framkvæmdastjórinn, æðstu yfirmenn, milli stjórnendur og hver og einn starfsmaður. Ég og samstarfsfélagar mínir hjá Vorstand sýnum gott fordæmi með því að hegða okkur á þá leið að hlíta reglum og væntum þess að allir stjórnendur séu fyrirmyndir fyrir starfsfólk sitt.

Við viljum fylgja þessum reglum vegna þess að við erum sannfærð um að þetta séu réttar reglur og ekki aðeins vegna þess að okkur er skylt að fara að þessum reglum samkvæmt lögum. Að haga sér á lagalegan og siðferðilegan réttan hátt hlýtur að vera okkur flestum eðlilegt og náttúrulegt, og hluti af genum Heidelberg Materials. Þar að auki, ef við höfum ekki skrifaðar reglur um ákveðna hegðun, fylgjum við okkar innri áttavita eða leitum ráðgjafar hjá samstarfsfólki okkar í reglufylgni og notum siðferðileg viðmið sem eru í samræmi við siðareglur okkar.

Ef við fylgjum öll meginreglum siðareglanna okkar mun það vernda velgengni Heidelberg Materials, stuðla að grunninum að fullnægjandi starfsumhverfi fyrir okkur öll og auka ánægju allra hagsmunaaðila í samstæðunni.

Ykkar einlægur,

Dr. Dominik von Achten

Efnisyfirlit

1	Meginreglur siðareglna okkar	5
1.1	Af hverju við þurfum siðareglur	5
1.2	Tilurð þessara siðaregla	5
1.3	Skuldbinding okkar við lög og siðferði	6
2.	Reglur okkar fyrir viðskipti og þjófðfélag	7
2.1	Fylgni við samkeppnislög og lög gegn einokun og hringamyndum	7
2.2	Heilsa og öryggi	8
2.3	Spilling	9
2.4	Gjafir, gestrisni og fríðindi	9
2.5	Hagsmunaárekstrar	10
2.6	Sjálfbærni og umhverfisvernd	11
2.7	Mannréttindi og réttindi starfsmanna	12
2.8	Samskipti starfsmanna	13
2.9	Persónuvernd og upplýsingaöryggi	13
2.10	Öryggi og gæði vöru	14
2.11	Varnir gegn peningabætti og viðskiptaþvingunum	15
2.12	Eign fyrirtækis	16
2.13	Viðskiptaleyndarmál	17
2.14	Innherjaupplýsingar	18
2.15	Bókhald, skýrslur og skattar	19
3	Okkar ábyrgð	16
3.1	Við þekkjum reglurnar	19
3.2	Við fylgjum reglunum	19
3.3	Við tilkynnum brot	19



1. Meginreglur siðareglanna okkar

Af hverju við þurfum siðareglur

1.1

Almenningsálit Heidelberg Materials ræðst af framferði hvers og eins starfsmanns. Við berum virðingu fyrir mismunandi menningu og lagareglum sem og fólki og stofnunum í öllum þeim löndum sem við erum með starfsemi í, en við höfum einnig tekið upp reglur sem eiga við um alla í samstæðunni – siðareglurnar okkar. Þessar siðareglur eru grunnurinn að samskiptum okkar innan fyrirtækisins og við utanaðkomandi hagsmunahópa.

Í þessum siðareglum setjum við fram viðmið sem eiga jafnt við okkur öll – stjórnarmenn okkar, framkvæmdastjóra, stjórnendur og starfsmenn Heidelberg Materials AG og dótturfélög þess um allan heim. Þessar reglur eru ekki tæmandi – og er ekki hægt að gera ráð fyrir að þær ná yfir öll mál sem kunna að koma upp, engu að síður setja þær fram mikilvægar meginreglur sem gjalda um framkvæmd

faglegar starfsemi okkar. Í einstökum tilvikum er hægt að laga þessar reglur í samræmi við landslög og reglugerðir. Í öllum viðskiptaaðstæðum þar sem þessar siðareglur eru ófullkomnar eða óljósar, verðum við að nota bæði dómgreind og almenna skynsemi og ef vafi leikur á að ráðfæra okkur við yfirmann okkar og samstarfsfélaga í regluvörslu hópnum um hvernig eigi að höndla vafasamar aðstæður. Við verðum ekki aðeins fylgja siðareglunum út í ystu æsar í viðskiptalegum málefnum, heldur verðum við einnig að lifa eftir og laga okkur að anda reglnanna. Óháð stöðu okkar í fyrirtækinu munum við fylgja siðareglunum og hvetja samstarfsfélaga okkar, sérstaklega sem tilkynna mál til okkar, að gera slíkt hið sama.

Tilurð þessara siðaregla

1.2

Framkvæmdastjórar fyrirtækja hvers lands fyrir sig og forstjórar samstæðunnar hafa metið mikilvægi margvíslegra lagalegra og siðferðilegra álitamála sem og hlítningar áhættur fyrir Heidelberg Materials. Mikilvægustu málín sem stafa af þessu mati eru tekin fyrir í

siðareglunum. Stjórn Heidelberg Materials AG hefur samþykkt siðareglurnar sem bindandi fyrir samstæðuna.

1.3 Skuldbinding okkar við lög og siðferði

Við skuldbindum okkur að stunda viðskipti í öllum löndum þar sem fyrirtæki okkar eru til staðar í samræmi við gildandi lög og reglugerðir í þeim löndum sem við erum starfandi í. Til viðbótar við að fylgja viðeigandi lögum og reglugerðum, fylgjum við einnig viðeigandi leiðbeiningum fyrirtækja, þar á meðal þessum siðareglum, meginreglum um viðskiptasiðferði og alþjóðlegum stöðlum sem og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglum SP fyrir viðskipti og mannréttindi. Sem aðili að hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum höfum við skuldbundið okkar til að framfylgja tíu meginreglum mannréttinda, vinnuafis, aðgerðum gegn spillingu og umhverfis, og skuldbindum okkur

til að leggja okkar að mörkum til markmiða SP um sjálfbæra þróun með því að taka tillit til og samþætta umhverfislega og félagslega þætti í öllum viðskiptum. Í samskipum við viðskiptavinum, birgja, samkeppnisaðila eða aðra þriðja aðila, gerum við engar skuldbindingar eða tókum þátt í samningum sem eru samkeppnishamlandi, stuðla að ójöfnuði eða sem eru ólöglegir.

Ákvarðanir okkar og aðgerðir hafa ekki aðeins að leiðarljósi há lögfræðileg viðmið, heldur einnig há siðferðisleg viðmið. Við sinnum skyldum okkar gagnvart viðskiptavinum, birgjum, stjórnvöldum og viðskiptafélögum af heiðarleika, heilindum, fagmennsku og siðferðilega réttu framferði.



2. Reglur okkar fyrir viðskipti og þjóf félag

Fylgni við samkeppnislög og lög gegn einokun og hringamyndum

2.1

Við virðum meginreglur og reglur um frjálsa og sanngjarna samkeppni sem undanskilja samkeppnishamlandi hegðun og misnotkun á ráðandi markaðsstöðu. Þess vegna, viljum við og verðum að fylgja gildandi samkeppnislögum og lögum gegn einokun og hringamyndun. Sérstaklega ræðum við ekki um verð, magn,

markaðshlutdeild og markaðsáætlanir, viðskiptavini, birgðasvæði og svipuð mikilvæg málefni við samkeppnisaðila eða á fundi hjá atvinnugreinarsamtökum, nema að nauðsynlegt sé vegna og sem takmarkast eingöngu við leyfileg verkefni og þau sem eru fyrir fram samþykkt af samkeppnisréttarsérfræðingum.

Kröfurnar okkar

- Ekki eiga samskipti við samkeppnisaðila um samkeppnisviðkvæm mál eins og verð (þar á meðal frádrátt eða afslætti), magn, skilmála, viðskiptavini, afhendingarstaði, kostnað og afköst, o.s.frv. nema vegna og sem takmarkast við í tilgangi leyfilegra verkefna og verkefna sem eru fyrir fram samþykkt af samkeppnisréttarsérfræðingum.
- Hafðu aðeins samband við samkeppnisaðila í lögmætum tilgangi og skýrðu frá áhyggjum þínum varðandi lögmæti málsins við yfirmenn þína eða regluvörsluhópinn, ef minnsti vafi leikur á.
- Ljúktu samræðum eða fundi þegar í stað ef samkeppnisaðili nefnir tvísýn málefni og gerðu það ljóst að þú viljir ekki taka þátt í samkeppnishamlandi hegðun. Gakktu úr skugga um að það sé greinilega skráð að þú hafir yfirgefið fundinn eða stöðvað samræðurnar.
- Ekki misnota markaðsráðandi stöðu með óréttmætum viðskiptaháttum eða óréttmætri mismunun gangvart viðskiptafélögum.

Við berum virðingu fyrir meginreglum og reglum um frjálsa og sanngjarna samkeppni.


2.2 Heilsa og öryggi

Heilsa og öryggi er mikilvægt og grundvallarþáttur í allri atvinnustarfsemi okkar og að tryggja heilbrigðan og öruggan vinnustað er eitt af grunnildum okkar. Árangur okkar reiðir sig á líkamlega og andlega velsæld alls starfsfólks okkar. Við leitumst því stöðugt að því að koma í veg fyrir og lágmarka hættu fyrir starfsfólk okkar, viðskiptavini, birgja og þriðja aðila. Áhættumat er framkvæmt og metið með endurteknum hætti til að tilgreina auðkenndar hættur og gera viðeigandi ráðstafanir. Að auki eru framkvæmdar eftirlitsathuganir á

vinnustöðum til að endurskoða hlítu við innri og ytri kröfur. Stjórn Heidelberg Materials ber endanlega ábyrgð á að tryggja og viðhalda öruggt vinnuumhverfi. Þrátt fyrir það, þá berum við öll sjálf ábyrgð og skuldbundin til að upplýsa okkur sjálf um heilsu- og öryggisaðgerðir, skoða allar viðeigandi reglur, reglugerðir og verkleiðbeiningar og nota hlífðarbúnað sem mælt er fyrir um í hverju tilviki.

Körfurnar okkar

- Alltaf að fylgja öryggisreglugerðum og leiðbeiningum sem eiga við um verkefni þitt
- Alltaf að vera í hlífðarbúnað eins og mælt er fyrir um í viðeigandi verkefni
- Ekki hika við að grípa inn í og hætta að vinna í óöruggum aðstæðum
- Mundu að öryggi við vinnu hefur forgang fram yfir hraða



Spilling

Öll notkun fjármuna fyrirtækisins í ólöglegum og röngum tilgangi er stranglega bönnuð. Aldrei má nota mútur eða spillingu þegar viðskipti eru stunduð. Þar að auki megum við aldrei bjóða, veita eða þiggja - beint eða óbeint - peninga eða önnur fríðindi til að öðlast,

halda, laða að eða tryggja viðskipti eða persónulegan ávinning. Þetta á við jafnvel þó að þiggjandi fríðanda sé ekki við sem einstaklingar, heldur aðeins fyrirtækið.

2.3

Kröfurnar okkar

- Tryggðu sanngjarna og jafna meðferð birgja í útboðum og ekki láta neinn birgja hafa áhrif á þig á ósanngjarnan hátt, hvort sem það er með peningum eða annarri velvild.
- Aldrei má bjóða persónulega ávinninga til að kaupa starfsmann viðskiptavinar.
- Fylgdu reglunum þegar útboð eru haldin fyrir viðskiptavini og ekki gera neinar ráðstafanir með öðrum bjóðendum.
- Reyndu aldrei að hafa áhrif á valinn kjörinn embættismann, opinberan starfsmann eða aðra opinbera embættismenn með því að gefa þeim gjöf, til dæmis til að fá samþykki fljótara.

Gjafir, gestrisni og fríðindi

Óheimilt er að beint eða óbeint, bjóða, veita, fara fram á eða samþykkja gjafir, gestrisni og fríðindi eða hvern annan óréttmætan ávinning í tengslum við atvinnustarfsemi okkar. Þetta á ekki við um tækifærisgjafir eða boð sem hafa lítið fjárhagslegt gildi (viðmið: það sem nemur verðmæti viðeigandi viðskiptamáltíðar) og eru í samræmi við hefðbundna viðskiptahætti. Hins vegar, jafnvel í þessu tilfalli, má ekki brjóta

lög eða lagaákvæði og ekki má vera nein vísbending um að gjöf eða boð hafi haft áhrif á ákvörðun viðskiptafélaga eða yfirvald. Framlög í pólitískum eða samfélagslegum tilgangi eru aðeins leyfð ef fullkomið gagnsæi er tryggt og í samræmi við viðeigandi lög og staðbundin fyrirtækjastefna leyfa.

2.4

Kröfurnar okkar

- Áður en þú þiggur gjöf, boð eða önnur fríðindi, verður fyrst að meta verðmæti gjafarinnar og hvort það gæti verið að einhver sé að reyna hafa áhrif á þig.
- Aldrei má þiggja peninga eða gjafakort að gjöf.
- Ef þú býður viðskiptafélaga, verður þú íhuga verðmæti boðsins og ganga úr skugga um að það sé alltaf viðskiptatengsl
- Gjafir og boð til viðskiptafélaga mega aldrei gefa til kynna að það sé verið að reyna hafa áhrif á ákvörðun viðkomandi, þess vegna verður þú að vera sérstaklega varkár meðan samningaviðræðum stendur.



2.5 Hagsmunaárekstrar

Hagsmunaárekstrar eru til staðar þegar persónulegir hagsmunir starfsmanns fara ekki saman við viðskiptahagsmuni Heidelberg Materials. Okkur er gert að upplýsa að fullu um aðstæður þar sem athafnir utan starfstíma, persónulegir og fjárhagslegir hagsmunir gætu hugsanlega stangast á við hagsmuni Heidelberg Materials. Enginn starfsmaður má taka þátt í viðskiptum Heidelberg Materials ef hægt er að hafa áhrif á viðkomandi með persónulegum málum eða tengslum sem eru, gætu orðið eða hægt væri að túlka sem hindrun fyrir hlutlæga ákvörðunartöku.

Þar sem því verður komið við, verða starfsmenn að forðast persónulega hagsmuni sem stangast á við hollustu og ábyrgð gagnvart Heidelberg Materials. Ef raunverulegur eða hugsanlegur hagsmunaárekstur er til staðar, verður þú að upplýsa yfirmann þinn um það. Við verðum að framkvæma skyldur okkar eingöngu á grundvelli þess sem er best í þágu samstæðunnar, óháð persónulegum sjónarmiðum eða tengslum. Ætlast er til þess af okkur að fylgja þessum meginreglum út í ystu æsar. Við verðum að upplýsa yfirmann okkar um hvaða aðstæður sem gætu leitt til hagsmunaárekstra.

Kröfurnar okkar

- Láttu yfirmann þinn strax vita um raunverulega eða hugsanlega hagsmunaárekstra.
- Upplýstu sérstaklega um ef þú átt hlutabréf í fyrirtæki sem er samkeppnisaðili, viðskiptavinur eða birgir Heidelberg Materials. Þetta á ekki við um ef þú átt minna en 0,5% af hlutabréfum í fyrirtæki skráðu á markaði.
- Ef þú uppgötvar í vinnunni að persónulegir hagsmunir þínir og hagsmunir Heidelberg Materials stangast á, haltu þér frá ákvörðunum, upplýstu yfirmann þinn um málið og vertu hlutlaus.
- Gættu að því að hagsmunaárekstrar eru ekki eingöngu hjá sjálfum þér, heldur einnig hjá nánnum fjölskyldumeðlimum (þar á meðal maka, barni og öðrum nánnum fjölskyldumeðlimum).

Sjálfbærni og umhverfisvernd

2.6

Ábyrgð okkar á umhverfinu er lykilatriði í öllu því sem við gerum. Heidelberg Materials fylgir öllum viðeigandi umhverfislögum, stöðlum og öðrum lagaskilyrðum. Heidelberg Materials tekur virkan þátt í sjálfbærri, félagslegri og vistfræðilegri þróun. Þetta á ekki aðeins við verksmiðjur okkar og aðgerðir, heldur einnig þar sem við eigum meirihluta í sameiginlegum aðgerðum og aðgerðum innan verðmætakeðjunnar okkar. Sjálfbærni er samþættur hluti stjórnunaraðferð okkar, t.d. fyrir fjárfestingaráætlanir eða laun starfsmanna okkar og stjórnenda. Með fyrirbyggjandi hætti erum við að takast á við allar áskoranir til að bæta umhverfisvernd, tökum alltaf með í reikninginn sjónarmið til langs tíma til að koma í veg fyrir mengun og við bætum stöðugt framlag okkar til umhverfisverndar. Þetta felur í sér kunnigert markmið okkar um að draga

verulega úr losun koltvísýrings í gegnum nýja og þróaðri úrvinnslutækni sem og sjálfbærar vörur til að ná langtíma markmiði í að verða CO2-hlutlaus í steypu okkar. Við höfum einnig sett okkur langtímamarkaðmið t.d. vegna vatnsnotkunar eða losun loftmengandi efna og leitumst við að draga enn frekar úr áhrifum okkar á umhverfið.

Ábyrg umgengni við náttúruauðlindir í tengslum við hráefnisvinnslu er sérstaklega mikilvæg fyrir okkur. Við tryggjum að allar náttúruauðlindir sem okkur er falið að vinna úr séu nýttar á ábyrgan hátt og að grjótnám og aðrir úrvinnslustaðir sé skilað aftur til náttúrunnar, landbúnaðar eða annarrar notkunar í því ástandi sem hentar fyrir nýjan áætlaðan tilgang.

Kröfurnar okkar

- Gakktu úr skugga um að öllum umhverfislögum og reglugerðum og kröfum um umhverfisleyfi og önnur leyfi séu í gildi á vinnusvæði þínu.
- Hjálpaðu til við að takmarka umhverfisáhrif atvinnustarfsemi okkar að því stigi að það sé tæknilega og fjárhagslega mögulegt – með því að draga úr útblæstri, orku og öðrum auðlindum sem og með úrgangsminnkun og endurvinnu.
- Gakktu úr skugga um að kerfi, vélar og búnaður sé starfræktur og haldið við, og að framleiðsluferli séu sett upp þannig að útblástur eða leki sem hægt er að komast hjá, eigi sér ekki stað.
- Ef þú ert ábyrgur fyrir skjölum og tilkynningu umhverfisgagna skaltu tryggja að þau séu rétt, kláruð og samræmd.

Komdu alltaf fram við starfsfélagi af sanngirni og með virðingu.



2.7 Mannréttindi og réttindi starfsmanna

Heidelberg Materials skuldbindur sig til að standa vörð um mannréttindi. Í þeim tilgangi fylgjum við leiðbeinandi meginreglum SP fyrir viðskipti og mannréttindi og viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölbjóðleg fyrirtæki. Þessi skuldbinding nær einnig til átta megin vinnustaðla Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Við tryggjum sanngjörn ráðningarskilyrði og farið að gildandi vinnulöggjöf. Heidelberg Materials tekur skýra afstöðu gegn nútíma þrælahaldi, nauðungarvinnu, barnaþrælkun og mansali í allri okkar atvinnustarfsemi. Sem hluti af skuldbindingu okkar sem vinnuveitandi, styðjum við jafnrétti og jafna aðild á vinnustað og við umberum ekki nokkra (ólöglega) mismunun, áreitni eða ofbeldi. Við skuldbindum okkur til einlægrar og sanngjarnar viðræðna við fulltrúa starfsmanna okkar og rétt þeirra til

félagafrelsis og kjarasamninga. Heidelberg Materials munu á uppbyggilegan hátt eiga í samvinnu við verkalýðsfélög á vinnustöðum þar sem starfsmenn okkar kjósa að eiga fulltrúa í, þar á meðal í málum er varða öryggi og heilbrigði í vinnu. Enn fremur leitumst við að koma í veg fyrir og draga úr neikvæðum áhrifum á mannréttindi sem hafa tengsl við viðskipti okkar í gegnum viðskiptatengsl okkar. Til að koma í veg fyrir og lágmarka áhættu skaðlegra áhrifa á mannréttindi í umhverfi okkar, erum við í stöðugum viðræðum við sveitarfélög, stofnanir og opinberar stofnanir. Slík viðleitni er aðallega beint að fólki sem býr í næsta nágrenni við vinnusvæði okkar. Á þennan hátt styðjum við á virkan hátt við efnahagslega og félagslega þróun landa og svæða þar sem við erum starfandi.

Kröfurnar okkar

- Það má ekki mismuna neinum einstaklingi vegna kynþáttar, litarháttar, trúarbragða, trúarjátningar, þjóðernis, uppruna, þjóðaruppruna, kyns (þ.m.t. meðgöngu og kynhneigðar), kyngervi (þar á meðal ósamræmis kyngervingar og stöðu einstaklings sem farið hefur í kynskiptingu), hjúskaparstöðu, líkamlegar eða andlegrar fötlun, ríkisborgarréttar, félagsstöðu, stjórnmalaskoðana, þátttöku í stéttarfélagi, fyrrverandi, núverandi og verðandi einstaklinga í herþjónustu, almennra upplýsinga eða annars varin eru samkvæmt viðeigandi lögum.
- Tilkynntu allan grun um nútíma þrælahald, nauðungarvinnu eða barnaþrælkun innan Heidelberg Materials eða meðal verktaka okkar – við umberum ekki slíkt hjá viðskiptafélögum okkar eða í okkar eigin vinnuafli.
- Fylgstu með gildandi reglum um vinnutíma.
- Líttu á verkalýðsfélög og starfsráð á vinnustað sem hjálplega og gagnlega aðila sem við eigum í samvinnu við til að tryggja sanngjörn vinnuskilyrði hjá Heidelberg Materials.

Samskipti starfsmanna

2.8

Í samskiptum okkar við hvert annað, fylgjum við leiðbeiningum fyrirtækisins sem og félagslegum viðmiðum um hegðun og siðferðlegum meginreglum utan lagaramma. Við reynum að leysa allan ágreining með uppbyggjandi samræðum við hvert annað

eða með aðkomu yfirmanns. Ef þessi nálgun er ekki viðeigandi af einhverjum ástæðum eru deildir mannauðsstjórnar og regluvörslu sem og starfsráð á vinnustað tiltæk sem sáttasemjarar. Ef nauðsyn krefur, er hægt að senda kvartanir nafnlaust, í gegnum tilkynningakerfi okkar.

Kröfurnar okkar

- Komdu alltaf fram við samstarfsmenn þína af sanngirni og virðingu óháð því hver staða þeirra er í fyrirtækinu. Haltu á öllum stigum traustum og opnum starfsanda sem hvetur samstarfsfólk til að tjá sig um það sem miður fer, án ótta við það.
- Í samræðum og skrifuðum skilaboðum skaltu vera viss um að þú veljir orð sem eru á viðeigandi hátt hlutlaus, fagleg og sem hvorki særa né móðga.
- Einkum verður að forðast yfirlýsingar eða brandara sem aðrir gætu skilið sem mismunum eða áreitni.
- Nýttu sáttamiðlunarmöguleikana sem eru í boði hjá Heidelberg Materials ef þér finnst að hegðun samstarfsfélaga þinna gagnvart þér sé röng og þú getir ekki leyst úr ástandinu beint.

Persónuvernd og upplýsingaöryggi

2.9

Við fylgjum ströngum kröfum um persónuvernd gagnvart starfsfólki okkar, viðskiptavinum, birgjum og öðrum viðskiptafélögum. Við virðum rétt einstaklinga og friðhelgi allra þeirra sem við fáum persónuupplýsingar frá og vinnum úr gögnum um. Við söfnum, notum, birtum, höldum eftir og vinnum úr persónuupplýsingum og öðrum gögnum með sérstakri aðgát í

samræmi við öll viðeigandi lög, þar með talið en takmarkast ekki við Evrópsku Almennu persónuverndarreglugerðina og stefnur fyrirtækisins.

Persónuvernd og upplýsingaöryggi fylgjast að. Tæknilegar og skipulags ráðstafanir eru hluti af hugmynd okkar um upplýsingaöryggi.

Kröfurnar okkar

- Meðhöndlaðu persónulegar upplýsingar með trúnaði og sérstakri aðgát í samræmi við persónuverndarlög og innri leiðbeiningar okkar.
- Aðeins miðla persónuupplýsingum til þeirra sem einnig hafa heimild til að skoða þær og vinna úr þeim.
- Safnaðu, notaðu og geymdu persónuupplýsingar aðeins að því marki sem er algjörlega nauðsynlegt fyrir skilgreindan tilgang.
- Gakktu úr skugga um að öll starfræn skjöl og pappírsskjöl séu varin gegn óviðkomandi aðgangi í samræmi við gildandi staðla. Fylgdu reglugerðum um örugga meðhöndlun á upplýsingatæknikerfum okkar.



Gæði

2.10 Öryggi og gæði vöru

Að útvega efni til að byggja upp framtíð okkar á er tilgangur Heidelberg Materials. Það er í fyrirrúmi að við tryggjum gæði þessa byggingarefna og að framleiðslan og notkun á vörum okkar sé alltaf örugg fyrir starfsmenn okkar, viðskiptavinum og almenning allan. Við verðum alltaf að tryggja að hver vara sem við

afhendum uppfylli kröfur sem viðskiptavinurinn hefur óskað eftir og samkvæmt okkar eigin gæðakröfum. Komi engu síður upp kvartanir, verðum við að finna orsökina og finna lausn í samstarfi með viðskiptavin okkar.

Kröfurnar okkar

- Gakktu úr skugga um að hver vara sem fer af vinnusvæði okkar eða er afhent til viðskiptavinar, uppfylli alla kröfur, kröfur sem ætlaðar eru til afhendingar og okkar eigin öryggis- og gæðakröfur.
- Gakktu úr skugga um að samningsbundið samkomulag um gæði við viðskiptavinum sé uppfyllt, jafnvel þó önnur gæði myndi tæknilega þjóna sama tilgangi á byggingarsvæðinu. Breytingar verða alltaf að vera samþykktar af viðskiptavinum.
- Bentu viðskiptavinum okkar á möguleikana um að ráðfæra sig við sérfræðinga okkar, svo að byggingarefni okkar valdi ekki hættu fyrir aðra eða tapi gæðum með rangri notkun.
- Taktu allar kvartanir um vöru alvarlega og aðstoðu við að skýra réttlætingu fyrir sliikum kvörtunum, þannig að við getum brugðist við á viðeigandi og lausnamiðaðan hátt.

Vörur okkar eru alltaf öruggar fyrir starfsmenn, viðskiptavinum og almenning.

Varnir gegn peningabætti og viðskiptaþvingunum

2.11

Viðskipti okkar fela í sér skipti á peningum og öðrum hlutum við hina ýmsu viðskiptafélaga okkar í mismunandi löndum með mismunandi lög. Við þurfum að vita við hverja við eigum í viðskiptum við. Þetta er eina leiðin til að bera kennsl á áhættu og koma í veg fyrir að Heidelberg Materials flækist í samstarf við hryðjuverkamenn og aðra glæpahópa. Við megum aldrei

brjóta á viðskiptaþvingunum og útflutningseftirliti, og við verðum að lágmarka hættuna á að viðskipti við okkur verði misnotuð af þriðja aðila sem leið til að stunda peningabætti. Þetta á sérstaklega við þegar reiðufé er samþykkt sem greiðsla fyrir reikninga.

Kröfurnar okkar

- Gakktu úr skugga um fram fari á sérhverjum nýjum viðskiptamanni – hvort sem það er viðskiptavinur eða birgir – mat á því hvort viðskiptavinurinn sé á viðurlagalista eða ekki, eða hvort hann sé í eigu eða undir stjórn einshvers á slíkum lista.
- Ef þú ert með áform um ný viðskipti við aðila í löndum sem sæta viðurlögum, skaltu biðja regluvörslu um áhættumat.
- Tilkynntu til yfirmanns þíns öll viðskipti sem virðast sérkennileg eða grunsamleg, til dæmis, vegna þess að bankareikningur viðtakanda er á öðru nafni en birgir okkar eða vegna þess að peningar eru millifærðir til lands sem hefur engin skýr tengsl við þau viðskipti sem um ræðir.
- Forðastu að nota reiðufé í viðskiptum okkar. Ef peningagreiðsla er óumflýjanleg, má eingreiðsla eða röð tengdra greiðslna aldrei nema upphæð að 10.000 evrur eða meira.

Forðastu að nota reiðufé í viðskiptum.



2.12 Eign fyrirtækis

Við erum ábyrg fyrir réttri notkun, vernd og stjórnun á öllum eignum – hvort sem þær eru áþreifanlegar eða óáþreifanlegar – í eigu eða stjórn að Heidelberg Materials. Með því að meðhöndla fjármagn með gæti, komum við í veg fyrir og komum auga á svik. Við skemmum

ekki eða misnotum eignir fyrirtækis, og við forðumst ónauðsynlegan kostnað og kröfum sem tengjast eignum fyrirtækisins.

Kröfurnar okkar

- Meðhöndlaðu eignir fyrirtækis með sömu aðgát og þú meðhöndlar eigin eignir, eins og vinnuvélar, tölvur eða bíla fyrirtækisins.
- Aðskilja verður vandlega einkanothun og notkun á eignum fyrirtækisins, þannig að þú verðir ekki ásakaður um þjófnað eða fjárdrátt vegna mistaka. Ekki nota eignir fyrirtækisins í eigin þágu.
- Þegar greiðsla er sett upp og framkvæmd, verður að fylgja verkferlum gaumgæfulega til að koma í veg fyrir svik.
- Dragðu aðgerðir samstarfsfélaga í efa sem fylgja ekki verkferlum eins og tvíþættu eftirliti á greiðslum til að tryggja að fyrirtækið verði ekki fyrir skaða.

Meðhöndlaðu eign fyrirtækis með sömu aðgát og þú meðhöndlar eigin eignir.



Kostgæfni



Viðskiptaleyndarmál

2.13

Öll skjöl og upplýsingar varðandi innri mál Heidelberg Materials, þar sem birting þeirra gæti verið skaðleg fyrir samstæðuna, verður að meðhöndla með trúnaði. Ekki er heimilt að birta þau eða gera þau aðgengileg fyrir þriðja aðila og verja verður þau gegn hverskonar óheimilli notkun eða birtingu, sérstaklega frá aðgengi þriðja aðila. Trúnaðarupplýsingar hafa að geyma allar stefnumótandi, fjárhagslegar, tæknilegar og viðskiptalegar upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar öllum. Þetta á við um, en takmarkast ekki við, stjórnáslumeðferðir og úrvinnslur, skipulagsmál, tækniþekkingu, viðskipta- og fjárhagsáætlanir, kostnaðaryfirlit, vörubrún, upplýsingar um starfsfólk, viðskiptavini, birgja, markaðsáætlanir, söluupplýsingar og verð. Beiðnir frá stjórnvöldum og lagalegar beiðnir, þar sem

mögulega er að finna trúnaðarupplýsingar, og er undirorpið þeim rétti að fyrirtækið getur andmælt, verður að skoða og fara eftir. Hafðu samband við lögfræðideildina ef spurningar vakna.

Þessi trúnaðarskylda á einnig við um skjöl og upplýsingar sem þriðju aðilar treysta okkur fyrir. Við megum aðeins birta trúnaðarupplýsingar ef þess er krafist samkvæmt lögum eða leyfi hefur verið gefið fyrir slíku í viðskiptalegum tilgangi. Í öllum tilfellum verður að upplýsa yfirmenn okkar beint um slíkt eða þann einstakling sem ber ábyrgð trúnaðarupplýsingunum áður en þær eru birtar. Þriðju aðilar sem fá slíkar trúnaðarupplýsingar skulu almennt undirrita trúnaðarsamning.

Kröfurnar okkar

- Viðskiptaleyndarmál verður að meðhöndla eins vandlega og um efnisleg verðmæti sé að ræða. Upplýsingar vega oft þyngra en hlutir.
- Hafðu það í huga að deila viðskiptaleyndarmálum getur verið refsivert og ekki aðeins skaðað fyrirtækið, heldur getur það komið þér í alvarleg persónuleg vandræði.
- Ef þú stjórnar viðskiptasamræðum í stórum hópi eða á almannafæri (t.d. í snjallsíma) vertu viss um að þú talir ekki um málefni sem eru koma hugsanlegum áheyrendum ekki við.
- Gakktu úr skugga að þú opinberir ekki innri leyndarmálum fyrirtækisins í einkasamtölum.

2.14 Innherjaupplýsingar

Innherjaupplýsingar er þekking sem er ekki opinber á gögnum, verkefnum, viðskiptum eða verkferlum. Birting slíkra gagna gæti haft áhrif gengi hlutabréfa í Heidelberg Materials eða öðrum fjármálagningum sem gefnir eru út af Heidelberg Materials (t.d. skuldabréf) eða

afleiður slíkra fjármálagninga. Allir starfsmenn sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum verða að fara eftir gildandi lögum um viðskipti innherja og leiðbeiningum um innherjaviðskipti hjá Heidelberg Materials.

Kröfurnar okkar

- Mundu að þú sjálfur, jafnvel án þess að þú sért meðvitaður um það, getur búið yfir innherjaupplýsingum og berð því sérstaka ábyrgð.
- Ef þú býrð yfir innherjaupplýsingum, þá er þér bannað að kaupa og selja hlutabréf eða skuldabréf eða aðra fjármálagninga/afleiður fyrirtækisins og ef slíkt er gert varðar það fangelsi eða sekt. Það er einnig refsivert að reyna innherjaviðskipti, mæla með þeim eða afvegaleiða þriðja aðila.
- Veittu sérstaka athygli hvaða afleiðingar það getur haft ef þú nýtir þér innherjaupplýsingar til að framkvæma verðbréfaviðskipti rétt áður en fyrirtækið birtir uppgjör þess t.d. ársreikninga eða ársfjórðungsuppgjör.
- Ef þú hefur spurningar eða efasemdir um þetta efni hafðu samband við lögfræðideildina

2.15 Bókhald, skýrslur og skattar

Öll viðskipti verður að skrá rétt, viðeigandi og á réttum tíma. Við tryggjum áreiðanleika, nákvæmni og fullkomnun bókhalds okkar, skráa og skýrslna í samræmi við viðurkennda verkferla, samþykktar bókhaldsreglur, viðeigandi bókhaldskerfi,

eftirlit og endurskoðun. Við fylgjum viðeigandi skattlagningu og tollareglum án takmarkanna. Lög gegn skattsvikum eru mikilvæg fyrir okkur. Krafa um réttar upplýsingar á einnig við um ferðakostnað og annan kostnað.

Kröfurnar okkar

- Ekki aðeins þegar þú ert ábyrgur fyrir bókhaldi fyrirtækisins, heldur vegna allra viðskiptaskjala, skaltu fylgja verkferlum okkar og leiðbeiningum að ýtrustu kostgæfni sem og að tryggja nákvæmni og fullkomnun allra skráa.
- Skrá verður allar upplýsingar um viðskipti tímalega og nákvæmlega; ekki breyta eða sleppa neinum upplýsingum eða breyta færslum af ásettu ráði.
- Uppfylltu staðbundnar skyldur um réttar og tímanlega yfirlýsingar um skatta og tollgjöld.
- Neitaðu að skrá falskar upplýsingar og tilkynntu til yfirmanns þíns ef þú uppgötvar falskar skrár eða ert beðinn um að falska skrár.

3. Okkar ábyrgð

Við þekkjum reglurnar

3.1

Hvert okkar er ábyrgt fyrir því að þekkja gildandi lög, reglugerðir og stefnur, þar á meðal þessar siðareglur. Allir stjórnendur eru ábyrgir fyrir því að tryggja skilvirk samskipti hafa eftirlit með því að farið sé eftir reglum. Regluverðir okkar skipuleggja þjálfun og samskipti og veita viðeigandi efni og skjöl í þeim tilgangi. Í öllum

viðskiptaaðstæðum þar sem lagalegar kröfur eða þessar siðareglur virðast vera ófullkomnar eða óskýrar, notum við dómgreind okkar og almenna skynsemi. Ef þú ert í vafa, skaltu hafa samband við yfirmann þinn eða leita ráða hjá lögfræðideildinni eða regluvörslu hópnum.

Við fylgjum reglunum

3.2

Við fylgjum ekki aðeins þessum siðareglum orði fyrir orð, heldur lifum við eftir þeim og lögum okkur að anda reglnanna og tilgangi þeirra. Brot á siðareglunum verður ekki liðið. Ef það misferst að fara eftir þessum siðareglum, getur það leitt til viðurlaga, þar á meðal starfsuppsagnar. Fyrirtækið áskilur sér rétt til að höfða einkamál og refsímál gegn

starfsmönnum. Við væntum þess að hvert okkar tilkynni um brot á þessum siðareglum í því skyni að bæta þegar í stað úr brotinu eða lágmarka neikvæðar afleiðingar slíks brots. Ef það er gert mun fyrirtækið tryggja að einstaklingurinn sem tilkynnir brot í góðri trú, þurfi ekki að óttast hefndaaðgerða.

Hvert okkar er ábyrgt fyrir því að þekkja viðeigandi lög, reglugerðir og stefnur.

3.3

Við tilkynnum brot

Láttu okkur vita ef eitthvað er rangt hjá fyrirtækinu!
Við mælum með eftirfarandi röð til að tilkynna áhyggjur þínar:

1. Talað við yfirmann þinn eða yfirmann þeirra
Þetta er auðveldasta og fljótlegasta leiðin til að leysa vandamál
2. Hafðu samband við regluvörslu hópinn,
ef þér finnst ekki þægilegt að taka málið beint upp við yfirmann þinn.
3. Notað SpeakUp
ef þú vilt frekar leggja fram áhyggjur þínar í gegnum kerfið eða ef þú vilt vera algjörlega nafnlaus.



Internet: <https://heidelbergmaterials.speakup.report/speakup>
Phone: <https://www.heidelbergmaterials.com/en/governance-and-compliance#speakup>
Access code: 107810

Hafðu samband og frekari upplýsingar:

Roland Sterr

Director Group Legal & Compliance

Sími +49 (0) 62 21 481 13 361

Fax: +49 (0) 62 21 481 13 705

Tölvupóstur: roland.sterr@

heidelbergmaterials.com

heidelbergmaterials.com

heidelbergmaterials.com